

Beiðni um frekari gögn með umsókn

Íbúðalánasjóði hafa borist níu umsóknir frá Brynju, hússjóði Öryrkjabandalagsins um stofnframlög ríkisins á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Við fyrstu yfirferð á umsóknunum kom í ljós að eftirfarandi gögn vantar, en þau þurfa að liggja fyrir svo hægt sé að taka hana til frekari skoðunar:

- Í öllum umsóknum þarf að koma fram fjöldi, gerð, staðsetning og stærð allra þeirra íbúða sem sótt er um framlag fyrir
- Staðfestingu á því í hvaða formi stofnframlag sveitarfélags er veitt
- Staðfesting sveitarfélags á úthlutun lóðar ásamt lóðarverði
- Framkvæmdaráætlun sem inniheldur m.a. upphafstíma framkvæmda, áætlaðan framkvæmdartíma, verklok og afhendingu íbúða
- Verksamning um fyrirhugaða framkvæmd samkvæmt umsókn
- Áætlað stofnvirði með nákvæmri sundurliðun skv. 11.gr. reglugerðar nr.55/2016
- Staðfesting á fjármögnun sem hlutfall af stofnkostnaði
 - Staðfesting eiginframlags (ef um það er að ræða)
 - Staðfesting fjármögnunar lánastofnunar/viðskiptabanka, lánstími, kjör og upphæð
 - Staðfesting brúarfjármögnunar ef við á
- Viðskiptaáætlun; 3ja ára viðskiptaáætlun sem inniheldur m.a. leiguverð niður á íbúð og áætlun um þróun þess, rekstrarkostnað félagsins og íbúðanna og kostnað vegna endurbóta íbúðanna (Áætluninni skal skilað á Excel- formi)

- ATH. Búið er að senda inn Excel skjöl sem innihalda viðskiptaáætlun en þar sem skjölin eru vernduð með lykilorði hefur ekki verið hægt að leggja mat á þau.
- Með viðskipta- og rekstraráætlun skal fylgja greinargerð þar sem eftirfarandi kemur fram:
 - Ákvörðun leiguverðs niður á hverja íbúð og áætlanir um þróun leiguverðs
 - Greinargóð lýsing á helstu forsendum um tekjur og útgjöld
 - Greinargóð lýsing á aðferðinni sem umsækjandi hyggst beita við ákvörðun leiguverðs íbúðanna í upphafi og til lengri tíma
 - Rökstuðningur fyrir mati á viðhaldspörf íbúðanna sem birtist í viðskiptaáætlun, bæði reglulegu viðhaldi og meiriháttar endurbótum
 - Niðurbrot á stofnkostnaði íbúða og þess félags sem standa mun að rekstri almennu íbúðanna
 - Greinargerð um innri og ytri áhættuþætti verkefnisins á framkvæmdatíma, á fyrstu rekstrarárum og til lengri tíma og hvernig umsækjandi hyggst bregðast við mögulegum frávikum frá viðskiptaáætlun

Vinsamlegast skilið gögnum eins fljótt og kostur er, en þó ekki síðar en föstudaginn 28.10.16.

Áskilinn er réttur til að óska eftir frekari gögnum og skýringum á síðari stigum.

Ef einhverjar spurningar eru hafið þá endilega samband við starfsmenn Íbúðalánasjóðs eða sendið fyrirspurn á stofnframlag@ils.is

Virðingarfyllt
f.h. Íbúðalánasjóðs,
Hermann Aðalgeirsson